

Nr. 43.  
25.  
nóvbr.

## Auglýsing

um

### gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar konungs Ítalíu.

Hin danska og hin ítalska stjórn hafa 16. desember 1905 gjört með sjer svofeldan samning um skuldbundna gjörð og fullgilt hann í Rómaborg 22. júní 1906.

#### Dýðing.

Hans Hátign konungur Danmerkur og Hans Hátign konungur Ítalíu, sem hafa látið leiðast af frumreglunum í sáttmálanum, er gjörður var í Haag 29. júlí 1899 um að koma friðsamlega sáttum á deilumál ríkja á milli, og óska sjer í lagi að festa frumregluna um skuldbundna gjörð í viðskiftum þeirra með almennri samþykkt þeirrar tegundar, sem bent er til í 19. gr. tjeðs sáttmála, hafa ákvæðið að gjöra samning í þessu skyni og hafa skipað umboðsmenn sína:

Hans Hátign Danmerkur konungur:

Herra greifa *Carl Moltke*, riddara dannebrogssorðunnar, erindreka Hans Hátignar hjá stjórn Ítala konungs.

Hans Hátign Ítalíu konungur:

Hinn hágöfuga herra *Tommaso Tittoni*, stórkross ítölsku Krónuorðunnar, stóroffisjera St. Mauritius og St. Lazarus orðunnar, ráðherra Hans Hátignar fyrir utanríkismálin;

og er þeir hafa látið uppi hvor við annan umboðssjöl sín, sem reyndust góð og gild, hafa þeir komið sjer saman um ákvæði þau, er hjer fara á eftir:

#### 1. grein.

Hinir hátignu samningsaðilar skuldbinda sig til að leggja undir úrskurð hins fasta gjörðardóms, sem settur var á stofn í Haag með sáttmálanum frá 29. júlí 1899, öll deilumál, hverrar tegundar sem eru, sem kunna að rísa upp á milli þeirra, og sem ekki hefur tekist að miðla fyrir milligöngu erindreka þeirra, jafnvel þó svo sje, að þessi deilumál kynnu að eiga rót sína að rekja til atvika sem gjörst hafa, áður en þessi samningur var gjörður.

#### 2. grein.

Áður en hinir hátignu samningsaðilar leita til hins fasta gjörðardómstóls, skulu þeir í hvert einstakt skifti rita undir sjerstaklega gjörðarsamþykkt, þar sem ágreiningsefnið er skýrt tilgreint, sem og verksvið gjörðardómendanna og frestir þeir, sem verður að hegða sjer eftir, að því er snertir samkomu gjörðardómsins og málfutninginn.

Nr. 43. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar konungs Ítalíu.

# Bekendtgørelse

Nr. 43.  
25.  
Novbr.

om

## en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kongen af Italien afsluttet Konvention om Voldgift.

Under 16. December 1905 er der mellem den danske og den italienske Regering bleven afsluttet og under 22. Juni 1906 i Rom bleven ratificeret følgende Konvention om obligatorisk Voldgift:

Oversættelse.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kongen af Italien, ledede af Grundsætningerne i Konventionen angaaende fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder, afsluttet i Haag den 29. Juli 1899, og som ønske navnlig at fastslaa Grundsætningen om obligatorisk Voldgift i deres gensidige Forhold ved en almindelig Overenskomst af den i nævnte Konventions Artikel 19 angivne Art, have bestemt i dette Øjemed at afslutte en Konvention og have udnævnt til deres befuldmægtigede:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:

Hr. *Greve Carl Moltke*, Ridder af Dannebrog, Hans Majestæts Chargé d'affaires hos den kongelige italienske Regering,

Hans Majestæt Kongen af Italien:

Hans Excellence Hr. *Tommaso Tittoni*, Storkors af den italienske Kroneorden, Storofficer af St. Mauritius og St. Lazarus Ordenen, Hans Majestæts Statssekretær for udenrigske Sager,

hvilke, efter at have meddelt hinanden deres Fuldmagter, der befandtes i god og rigtig Form, ere komne overens om følgende Bestemmelser:

### Artikel 1.

De høje kontraherende Parter forpligte sig til at henvise til den ved Konventionen af 29. Juli 1899 i Haag oprettede permanente Voldgiftsdomstol alle Tvistigheder, ligegyldigt af hvilken Art, som maatte opstaa mellem dem, og som ikke have kunnet afgøres ad diplomatisk Vej, selv i Tilfælde af, at disse Tvistigheder maatte have deres Oprindelse i Kendsgerninger, der ligge forud for nærværende Konventions Afslutning.

### Artikel 2.

I hvert enkelt Tilfælde skulle de høje kontraherende Parter, før de henvende sig til den permanente Voldgiftsdomstol, undertegne en særlig Voldgiftsantagelse, der klart bestemmer Stridens Genstand, Omfanget af Voldgiftsmændenes Myndighed og de Frister, der ville være at iagttage med Hensyn til Voldgiftsrettens Sammentræden og Proceduren.

Nr. 43. Bekendtgørelse af 25. November om en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kongen af Italien afsluttet Konvention om Voldgift.

Nr. 43. Sje engin sjerstakleg gjörðarsamþykt til, eiga gjörðardómendurnir að kveða  
 25. upp úrskurð sinn á grundvelli rjettarkrafa þeirra, sem báðir málspartar setja fram.  
 nóvbr.

Sjeu ekki til nein gjörðardómi samkvæm fyrirmæli í gagnstæða átt, skal málflutningnum fyrir gjörðardóminum hagað samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru með sáttmála þeim, er undirskrifaður var í Haag 29. júlí 1899, um að koma á friðsamlegri miðlun á deilumálum ríkja á milli, að viðbættum viðaukaákvæðum þeim, sem vikið er að í næstu grein hjer á eftir.

### 3. grein.

Enginn gjörðardómendanna má vera þegn ríkja þeirra, sem hafa ritað undir þennan samning, nje eiga heimkynni í löndum þeirra, nje heldur mega atriði þau, sem gjörðin beinist að, snerta hagsmunasemi þeirra.

Í gjörðarsamþykt þeirri, sem gjört er ráð fyrir í undanfarandi grein, skal vera ákveðinn frestur, sem eigi má vera útrunninn, fyr en báðir málspartar eru búnir að skiftast á um erendi þau og skjöl, sem snerta ágreiningsefnið. Skjalaskiftum þessum á, hvað sem öðru líður, að vera lokið, áður en fundir gjörðardómsins hefjast.

Í gjörðardóminum eiga að vera tilteknir frestir þeir, er ekki mega liðnir vera, áður en honum er fullnægt.

### 4. grein.

Það er vitaskuld, að sje ekki ágreiningurinn um framkvæmd samnings milli beggja ríkjanna eða hann sje risinn af rjettarneitun, skal 1. grein ekki eiga við deilumál, sem kynnu að rísa upp milli þegns annars ríkjanna og hins samningsríkisins, þegar dómstólarnir eru bærir um samkvæmt lögum síðarnefnds ríkis að kveða upp dóm um deiluefnið.

### 5. grein.

Ef annarhvor hinna hátignu samningsaðila skyldi segja þessum samningi upp, skal sú uppsögn ekki koma í gildi fyr en ári eftir að hinn samningsaðilinn hefur fengið skriflega skýrslu um uppsögnina.

### 6. grein.

Samningur þessi skal fullgiltur svo fljótt sem verða má, og um fullgildingarnar skal skifst á í Rómaborg.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir skrifað nöfn sín undir samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Rómaborg, 16. desember 1905.

**C. Moltke.**  
(L. S.)

**Tittoni.**  
(L. S.)

Þetta gjörðist hjer með að gefnu tilefni öllum kunungt.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1912.

**H. Hafstein.**

*Eggert Briem.*

Foreligger ingen særlig Voldgiftsantagelse, skulle Voldgiftsmændene afgive Nr. 43.  
Kendelse paa Grundlag af de af de to Parter formulerede Paastande.

I Fald der ikke findes voldgiftsmæssige Bestemmelser i modsat Retning, skal Voldgiftsproceduren ordnes i Overensstemmelse med de Regler, der ere fastslaaede ved den i Haag den 29. Juli 1899 undertegnede Konvention angaaende fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder, med Tillæg af de supplerende Bestemmelser, der angives i efterfølgende Artikel.

25.  
Novbr.

### Artikel 3.

Ingen af Voldgiftsmændene maa være Undersaat af de Stater, der have undertegnet nærværende Konvention, eller have Bopæl paa deres Territorium, eller være interesseret i de Spørgsmaal, som ere Genstand for Voldgiften.

Den i foranstaaende Artikel forudsatte Voldgiftsantagelse skal fastsætte en Frist, inden hvis Udløb Udvekslingen af de Indlæg og Dokumenter, der have Hensyn til Stridens Genstand, skal finde Sted mellem de to Parter. Denne Udveksling skal i hvert Tilfælde være endt før Begyndelsen af Voldgiftsrettens Møder.

Voldgiftskendelsen skal indeholde Angivelse af de Frister, inden hvilke den skal efterkommes.

### Artikel 4.

Man er enig om, at medmindre Tvisten angaar Anvendelsen af en Overenskomst mellem de to Stater, eller det drejer sig om et Tilfælde af Rettens Fornægtelse, skal Artikel 1 ikke være anvendelig paa Tvistigheder, der maatte opstaa mellem en Undersaat af en af Parterne og den anden kontraherende Stat, naar Domstolene i Følge denne Stats Lovgivning ere kompetente til at paadømme Stridsspørgsmaalet.

### Artikel 5.

Dersom en af de høje kontraherende Parter skulde opsigte nærværende Konvention, skal saadan Opsigelse først træde i Kraft et Aar efter, at skriftlig Meddelelse derom har fundet Sted til den anden kontraherende Part.

### Artikel 6.

Nærværende Konvention skal ratificeres snarest mulig og Ratifikationerne skulle udveksles i Rom.

Til Bekræftelse heraf have de respektive befuldmægtigede undertegnet nærværende Konvention og forsynes den med deres Segl.

Rom, den 16. December 1905.

**C. Moltke.**  
(L. S.)

**Tittoni.**  
(L. S.)

Hvilket paa dertil given Foranledning bringes til offentlig Kundskab.

**Islands Ministerium, den 25. November 1912.**

***H. Hafstein.***

*Eggert Briem.*